

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 5. janúar 2016  
UST201512-066/B.S.  
10.05.08

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Svartárvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða allt að 9,8 MW virkjun í Svartá Reist verður stífla í Svartá nokkru ofan við ármót Svartár og Grjótár. Ofan við stífluna verður inntakslón allt að 1 ha að flatarmáli. Frá lóninu verður lögð 3100 m löng aðrennslispípa sem verður 3 m í þvermál. Á hæð skammt ofan við stöðvarhús verður reist jöfnunarþró 220 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 16 m á hæð. Stöðvarhús 450 m<sup>2</sup> verður reist við Svartá um 2 km ofan við ármót Svartár og Skjálafandaflióts. Frá virkjuninni verður lagður um 46 km langur jarðstrengur að tengivirki Landsnets sem stendur við Laxárvirkjun.

Framkvæmdaaðili hefur gert ýmsar rannsóknir á náttúrufari. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um gróðurfar, fuglalíf, jarðfræði svæðisins og vatnafar mjög góða. Í greinargerð um vatnalíf kemur fram að áhrif verða mismikil eftir staðsetningu mannvirkja, fiskgengd um stíflu, en gera megí ráð fyrir skerðingu búsvæða neðan stíflu vegna minna rennslis.

Við mannvirkjagerð verður raskað gróðurlendi af ýmsu tagi. Minnst áhrif munu framkvæmdin hafa á uppgrædda mela, þar sem auðvelt ætti að vera að endurgera núverandi yfirborð með landmótun og uppgræðslu. Mest verða áhrif á gróðurlendi og vistkerfi þar sem aðrennslispípa verður lögð yfir algróna hallamýri. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa neikvæð áhrif á búsvæði straumanda við Svartá, framkvæmdin gæti skert fæðusvæði húsanda, þó ekki þau sem talin eru tegundinni mikilvægust við ána. Truflun á framkvæmdatíma gæti haft neikvæð áhrif á fálkaóðal, en talið er að þau áhrif séu bundin við framkvæmdatíma.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að gerð hefði verið nánari grein fyrir sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar, nánar fjallað um útlit og nákvæma staðsetningu mannvirkja og til hvaða mótvægisáðgerða áformað sé að ráðast í til að draga úr neikvæðum áhrifum. Þetta á sérstaklega við um inntaksstíflu, fyllingu í Grjótá, jöfnunarþró og stöðvarhús.

### Niðurstaða.

Hér er um að ræða breytingu á landnotkun úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði samfara mikilli mannvirkjagerð, sem er af annari stærðargráðu en mannvirki í næsta nágrenni. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er nokkuð stórt. Sjónræn áhrif og áhrif á landslag felast að miklu leyti í staðsetningu og útfærslu mannvirkja og þar af leiðandi þeim möguleikum sem fyrir hendi eru til að fella mannvirkin að landi og draga úr sýnileika þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að fjalla nánar um fyllingar í árfarvegum og breytingu á ásýnd sem slík mannvirki hafa í för með sér. Einnig hefði mátt


gera ítarlegri grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem unnt verður að grípa til í því skini að draga úr neikvæðum áhrifum á hallamýri. Umhverfisstofnun bendir á að hallamýrar njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal forðast að raska slíkum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.


Umhverfisstofnun telur að ef ekki verði vandað til mannvirkjagerðar við Svartárvirkjun gæti framkvæmdin haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að þar sem skorti á umfjöllun um nokkra mikilvæga þætti eins og sjónræn áhrif, útlit og staðsetningu mannvirkja og mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri